

Föstudaginn 25. október 1996.

Nr. 392/1996.

**Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

**Lindu Björk Daníels**

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 24. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Einnig er gerð krafa um kærumálskostnað.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Svo sem nánar er rakið í dómi Hæstaréttar 2. október 1996 í málinu nr. 368/1996, hefur varnaraðili viðurkennt að hafa falsað og notað í viðskiptum fjölmarga tékka til að fjármagna daglega neyslu sína á fikniefnum. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

**D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. október 1996.**

Ár 1996, þriðjudaginn 22. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarasdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Lindu Daníels með lögheimili að Fannarfelli 12, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 19. nóvember 1996 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærða hefur játað þær sakargiftir, sem henni eru gefnar að sök á framlagðri kröfu um gæsluvarðhald á dskj. nr. 1. Á sakavottorði kærðu kemur

fram, að hún hlaut 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga í september 1988. Ári síðar var hún sektuð og svipt ökuréttindum fyrir brot gegn umferðarlögum.

Samkvæmt gögnum málsins er kærða atvinnulaus, en fram kom í málflutningi, að hún ætti nú orðið heimili með unnusta sínum. Að öðru leyti hafa aðstæður kærðu ekki breyst. Kærða hefur framið allmörg brot síðustu mánuði, og hefur hún játað þau. Með úrskurði, upp kveðnum 24. september sl., var kærðu gert að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag, og var sá úrskurður staðfestur af Hæstarétti Íslands.

Með vísan til framanritaðs, rannsóknargagna og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir verða að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald, eins og krafan er fram sett á dskj. nr. 1 og nánar greinir í úrskurðarorði.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Linda Daníels, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 19. nóvember 1996 kl. 16.00.

---